

Umhverfisstofnun  
Steinunn Fjóla Sigurðardóttir  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. október 2009  
2009100001/42-0  
TB  
jgo/tb

## Leyfi til sleppingar á erfðabreyttum lífverum, stjórnsýslukæra

Vísað er til bréfs frá umhverfisstofnuninni, dags. 28. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um stjórnsýslukæru nokkurra samtaka þar sem kærð er ákvörðun Umhverfisstofnunar um leyfi til útiræktunar á erfðabreyttu byggi til handa fyrirtækinu ORF Líftækni hf.

Náttúrufræðistofnun Íslands gaf umsögn um umsókn ORF Líftækni hf. með bréfi dagsettu 14. apríl sl. Í umsögninni lagðist Náttúrufræðistofnun ekki gegn því að veitt væri leyfi til tilrauna með erfðabreytt bygg. Sú afstaða stofnunarinnar byggðist fyrst og fremst á þeim forsendum að hvorki bygg eða erfðabreytt bygg væri líklegt til að hafa áhrif á villta íslenska náttúru, með t.d. víxlfrjógvun við íslenskar plöntutegundir, að þau prótein sem væru tjáð í bygginu væru líklega skaðlaus, að afurðin væri ekki nýtt sem fóður fyrir dýr eða til manneldis og að gerðar yrðu ráðstafanir til að koma í veg fyrir dreifingu byggsins.

Framangreind stjórnsýslukæra beinist fyrst og fremst að ákvörðun Umhverfisstofnunar. Í kærinni er m.a. bent á að ekki hafi verið krafist „eðlilegs áhættumats“ að mati kæranda, að ekki hafi verið krafist nauðsynlegra rannsókna til að kanna afleiðingar erfðabreytta byggsins, að hluti ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur hafi verið vanhæf til fjalla um málið, að siðferðileg álitamál hafi ekki verið könnuð nægjanlega vel og afstaða tekin til þeirra, að varúðarreglu hafi ekki verið beitt við úrlausn málsins m.a. m.t.t. til sjálfbærrar þróunar o.s.frv.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur enn, fræðilega, að ekki sé líklegt að erfðabreytt bygg hafi mikil áhrif í íslensku vitkerfum t.d. með því að víxlást við innlendar plöntutegundir og að ekki sé líklegt að hætta stafi af græði próteinum almennt. Náttúrufræðistofnun tekur ekki afstöðu til þess hvort telja megi hluta fulltrúa í ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur vanhæfa en telur að almennt eigi að gæta þess vandlega að ekki sé hægt að saka nefndarmenn í ráðgjafanefndinni um hagsmunatengsl.

Náttúrufræðistofnun Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 60/1992 en eitt af meginhlutverkum stofnunarinnar er að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna. Í lögum um náttúruvernd segir m.a. í 1. gr. að löggin eigi að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum. Lagalegar skyldur Náttúrufræðistofnunar og að mati stofnunarinnar þ.m.t. líka siðferðilegar skyldur felast m.a. í því að uppfylla með ráðgjöf framangreint.

Eftir að hafa skoðað framangreinda kærú telur Náttúrufræðistofnun Íslands ástæðu til að skoða betur hvert eigi að vera eðlilegt umfang framangreindrar tilraunar og að það þurfi að greina vel á milli leyfa til tilrauna og leyfa til framleiðslu á afurð til sölu. Náttúrufræðistofnun tekur undir þau sjónarmið að ekki sé hægt að segja með fullri vissu hvaða erfðafræðilegar breytingar verða í erfðabreyttu byggi og því ekki hægt að fullyrða um allar hugsanlegar afleiðingar af ræktun þess í náttúrunni. Af þessari ástæðu eigi að gæta fyllstu varúðarsjónarmiða. Náttúrufræðistofnun tekur því undir þau sjónarmið að nauðsynlegt sé að rannsaka vel af óháðum aðilum áhrif erfðabreyttra lífvera í náttúrunni.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

Trausti Baldursson



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS